

## REGLUGERÐ

### um útreikning gjaldþols váttryggingafélaga.

#### 1. gr.

Í reglugerð þessari er að finna nánari útfærslu á útreikningi fjárhæða skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 30. gr. og fjárhæða skv. 1. mgr. 33. gr. laga nr. 60/1994 um váttryggingastarfsemi.

#### 2. gr.

Fjárhæðir 1. og 2. tölul. 1. mgr. 30. gr. og 1. mgr. 33. gr. laganna skulu taka breytingum í fyrsta skipti þann 20. september 2003 og síðan hinn 31. desember ár hvert, í fyrsta skipti þann 31. desember 2004, í samræmi við breytingar á samræmdri vísitölu neysluverðs í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins sem birt er af Hagstofu Íslands frá gildinu 111,2 og breytingar á opinberu viðmiðunargengi evru, miðað við grunnengi 85 kr.

Framreiknaðar fjárhæðir skv. 1. mgr. skulu hækkaðar upp í næstu fjárhæð sem er deilileg með 10 milljónum.

Sé breyting vísitölunnar innan við 5% frá síðustu endurskoðun skulu fjárhæðir ekki taka breytingum.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 98. gr., sbr. og 1. mgr. 33. gr. laga um váttryggingastarfsemi nr. 60/1994, með síðari breytingum.

Með reglugerð þessari er innleidd í íslenskan rétt grein 20 a í tilskipun 2002/12/EB og grein 17 a í tilskipun 2002/13/EB sem teknar voru upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðunum sameiginlegu nefndarinnar nr. 164/2002 og 165/2002 frá 6. desember 2002 með breytingu á IX. viðauka samningsins.

Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 494 22. júlí 1997 um eignir sem telja má til gjaldþols váttryggingafélaga og útreikning lágmarksgjaldþols.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Viðskiptaráðuneytinu, 20. júní 2003.*

**Valgerður Sverrisdóttir.**

*Benedikt Árnason.*